



Reykjavík, 22. maí 2020

Samkomulag um sátt vegna brots á 1. máls. 3. tl. 1. mgr. 117. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti

Hinn 12. mars 2020 gerðu Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið) og A, hér eftir vísað til sem málsaðila, með sér samkomulag um sátt vegna brots á 1. máls. 3. tl. 1. mgr. 117. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Meginatriði samkomulagsins eru sem hér segir:

Málsaðili viðurkennir að hafa brotið gegn 1. másl. 3. tl. 1. mgr. 117. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti (vvl.) með tilkynningu um víðskipti aðila sem var fjárhagslega tengdur málsaðila, sbr. 127. gr. vvl., og birt var opinberlega hinn 22. ágúst 2019.

Málsaðili fellst á að greiða sekt að fjárhæð 850.000 krónur.

Málsaðili staðfestir að hann hafi upplýst að fullu um málsatvik sem samkomulag þetta varðar. Þá hefur hann gripið til ráðstafana til að stuðla að því að atvik sem þetta eigi sér ekki stað á ný.

Málsatvik

Málsaðili var fruminnherji og stjórnarmaður í útgefanda verðbréfa á skipulegum verðbréfamarkaði, hér eftir nefndur útgefandi. Hinn 22. ágúst 2019 birti útgefandi opinberlega tilkynningu málsaðila samkvæmt 127. gr. vvl. um víðskipti X ehf., sem er fjárhagslega tengt málsaðila, með hluti í útgefanda þann dag. Fjárhæð víðskiptanna samkvæmt tilkynningunni nam tæplega 77.000.000 krónum að markaðsvirði. Af tilkynningunni mátti draga þá ályktun að með víðskiptunum hefði málsaðili keypt hluti í útgefanda, í gegnum félag sitt X ehf., og með því tekið fjárhagslega áhættu sem því nam.

Hinn 28. ágúst 2019 birti útgefandi opinberlega aðra tilkynningu vegna sömu víðskipta að beiðni málsaðila. Í þeirri tilkynningu voru víðskiptin útskýrð frekar og tiltekið að X ehf., sem væri að fullu í eigu málsaðila, hafi verið meðal hluthafa í Y ehf., sem væri eignarhaldsfélag um hluti í útgefanda. Y ehf. hafi verið mótaðili X ehf. í víðskiptunum og að X ehf. hafi fengið hlutabréf í útgefanda í skiptum fyrir hluti sína í Y ehf. Eftir víðskiptin væri X ehf. ekki lengur hluthafi í Y ehf. Af síðari tilkynningunni var ljóst að málsaðili hefði ekki verið að auka fjárhagslega áhættu sína með umræddum víðskiptum X ehf. með hluti í útgefanda, ólíkt því sem lesa mátti út úr fyrri tilkynningu.

Tilkynningin sem birtist opinberlega hinn 22. ágúst 2019 fól í sér brot gegn 1. másl. 3. tl. 1. mgr. 117. gr. vvl. þar sem í henni fólst dreifing á upplýsingum sem gáfu eða voru líklegar til að gefa rangar eða misvísandi upplýsingar eða vísbendingar um fjármálagerninga í útgefanda enda hafi málsaðili vitað eða mátt vita að upplýsingarnar voru rangar eða misvísandi.

Lagagrundvöllur

Í 1. mgr. 117. gr. vvl. kemur fram að markaðsmisnotkun sé óheimil. Í 1. másl. 3. tl. 1. mgr. 117. gr. vvl. kemur fram að með markaðsmisnotkun sé átt við að dreifa upplýsingum, fréttum eða orðrómi sem gefa eða eru líklegar til að gefa rangar eða misvísandi upplýsingar eða vísbendingar um fjármálagerninga, enda hafi sá sem dreifði upplýsingunum vitað eða mátt vita að þær voru rangar eða misvísandi.

Brot á 1. mgr. 117. gr. vvl. getur varðað stjórnvaldssektum, sbr. 35. tl. 1. mgr. 141. gr. vvl. Stjórnvaldssektum verður beitt óháð því hvort lögbrot eru framin af ásetningi eða gáleysi, sbr. 6. mgr. 141. gr. vvl. Sektor sem lagðar eru á einstaklinga geta numið frá 100.000 krónum til 65.000.000 króna, sbr. 3. mgr. 141. gr. vvl.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að ljúka málum vegna brota á 1. mgr. 117. gr. vvl. með sátt enda sé ekki um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við, sbr. 142. gr. vvl. og reglur nr. 326/2019 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt.

Sektarfjárhæð

Sektarfjárhæð er ákvörðuð í samræmi við reglur nr. 326/2019. Samkvæmt reglunum er miðað við að sektarfjárhæð sé hlutfallslega lægri en sem ætla má að fjárhæð stjórnvaldssektar gæti numið að teknu tilliti til mögulegra þyngingar- og mildunarsjónarmiða auk þess sem litið er til þess á hvaða stigi meðferð máls er þegar því er lokið með sátt.

Samkvæmt 4. mgr. 141. gr. vvl. skal, við ákvörðun sekta, m.a. tekið tillit til allra atvika sem máli skipta, þ.m.t. alvarleika brots, hvað brotið hefur staðið yfir lengi, ábyrgðar hins brotlega hjá lögaðilanum, fjárhagsstöðu hins brotlega, ávinnings af broti eða taps sem forðað er með broti, hvort brot hafi leitt til taps þriðja aðila, hvers konar mögulegra kerfislegra áhrifa brotsins, samstarfsvilja hins brotlega, fyrri brota og hvort um ítrekað brot er að ræða.

Við ákvörðun sektarfjárhæðar í málinu hefur Fjármálaeftirlitið litið til þess að brot gegn ákvæðum laga sem banna markaðsmisnotkun vega að grundvallarforsendum eðlilegs og heilbrigðs verðbréfamarkaðar og því trausti sem nauðsyn er á að þar ríki. Þannig felst í löggjöf um bann við markaðsmisnotkun að tryggja heildarvirkni fjármálamarkaða og auka tiltrú fjárfesta á þessum mörkuðum. Heildarvirkni markaðarins byggir m.a. á þeirri forsendu að markaðsaðilar treysti markaðinum og þeim upplýsingum sem þar koma fram. Markaðsmisnotkun skaðar framgreinda verndarhagsmunum og traust almennings á verðbréfum og afleiddum fjármálagæringum.

Við ákvörðun sektarfjárhæðar lítur Fjármálaeftirlitið til eðlis brots málsaðila, að um brot af gáleysi var að ræða, að ekki verði séð að málsaðili hafi haft eða ætlað sér að hafa ávinning af brotinu, að málsaðili leiðrétti tilkynninguna að eigin frumkvæði og að hann hefur ekki áður gerst brotlegur við ákvæði vvl. Þá er enn fremur litið til umfangs viðskiptanna, að málsaðili var stjórnarmaður í útgefanda og þess dráttar sem varð á því að málsaðili leiðrétti tilkynninguna.

Með hliðsjón af framangreindu, fjárhagsstöðu málsaðila þ.m.t. heildartekjum hans samkvæmt síðasta staðfesta skattframtali og heildartekjum X ehf. samkvæmt síðasta samþykktu ársreikningi, atvikum máls að öðru leyti og að teknu tilliti til þess að málinu er lokið með sátt, er sektarfjárhæð talin hæfilega ákveðin 850.000 krónur.

Réttaráhrif

Samkomulag þetta er gert á grundvelli 142. gr. vvl og reglna nr. 326/2019.

Samkomulagið er bindandi fyrir málsaðila og Fjármálaeftirlitið þegar báðir aðilar hafa samþykkt og staðfest efni þess með undirskrift sinni. Við greiðslu sektarfjárhæðar er málinu lokið.

Málsaðili brýtur gegn samkomulaginu ef hann t.d. greiðir ekki umsamda sektarfjárhæð, gaf rangar upplýsingar um málsatvik eða leyndi upplýsingum sem máli skipta. Verði málsaðili uppvís að því að brjóta gegn samkomulaginu getur Fjármálaeftirlitið felt það úr gildi og tekið málið til meðferðar á ný. Brot gegn samkomulagi um sátt telst jafnframt sjálfstætt brot sem getur varðað stjórnvaldssekt.